

Þverklöfnar þjóðir

Hvaða karl er þetta með fjarstýringuna? spurði barnið ömmu sína, þegar það sá styttuna við stjórnarráðið af Kristjáni konungi níunda með stjórnarskrá handa Íslandi í útréttri hendi 1874.

Þetta var skarplega athugað. Stjórnarskrá horfir eins og fjandsamleg fjarstýring við stjórnámálönnum, sem vilja helst fá að fara sínu fram án aðhalds og eftirlits. Kristján nýndi færði Íslendingum stjórnarskrá 1874 vegna þess, að forfeður okkar – mæðurnar voru ekki spurðar! – höfðu fram að því reynzt ófærir um að koma sér saman. Þeir höfðu lítið lært af Sturlungaöldinni, klíkusamfélaginu, sem kostaði þjóðina sjálfstæði 1262. Í hönd fór að fenginni stjórnarskrá 1874 langt tímabil ófrjós þrefs um stjórnskipuleg formsatriði og stóð í 30 ár, til 1904, þegar Danir færðu Íslendingum heimastjórn að fyrra bragði.

Þá tók við nýtt tímabil illinda og úlfúðar. Landið logaði áfram, m.a. í málaferlum vegna meintra meiðyrða um eintóman tittlingaskít. Þegar Kristján Jónsson varð ráðherra 1914, var það eitt hans fyrsta verk að fara á fund konungs í Kaupmannahöfn og biðja um sakaruppgjöf í heildsölu handa allri hersingunni. Ekki tók betra við, þegar Jónas Jónsson frá Hríflu steig fram á sjónarsviðið nokkru síðar, atgangsharður og óvæginn, gerólíkur Jóni Sigurðssyni forseta, sem hallaði yfirleitt aldrei orði á nokkurn mann. Langtímum saman gátu forustumenn tveggja stærstu flokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ekki talast við, og fór að ýmsu leyti vel á því. Hermangið spillti báðum þessum flokkum enn frekar í stríðinu og einnig Alþýðuflokknum (kommarnir sluppu, naumlega). Vettvangur stjórnámálanna – dagblöðin og einnig Alþingi – var mörgum vistmönnum þar til lítils sóma.

Blöðunum hefur að sönnu farið fram eftir að þau losnuðu úr viðjum flokkanna nema *Morgunblaðið*, sem færri lesa nú skv. fréttum en *Bændablaðið*. Ástand stjórnámálanna hefur skaddað mannval flokkanna og margt annað. Tveir þriðju hlutar kjósenda segja við Gallup: Íslensk stjórnámál eru spillt. Aðeins sjöttungur kjósenda ber traust til Alþingis. Dómstólarnir, skilgetin afkvæmi Alþingis, njóta litlu meira trausts. Alþingi ályktaði einum rómi 28. september 2010, tveim árum eftir hrun, að „taka verði gagnrýni á íslenska stjórnámálamenningu alvarlega“, en þingið sýnir þó engin batamerki enn. Hafa alþingismenn ekkert lært?

Bandaríkin

Bíðum við. Bandaríkin og Rússland eiga nú að sumu leyti við svipaðan vanda að etja.

Byrjum vestra, þar sem demókratar og repúblíkanar á Bandaríkjaþingi talast varla við lengur, heldur skiptast mestmegnis á svívirðingum. Fyrirlitningin er hyldjúp – og sumir segja einnig verðskulduð – á báða bóga. Það er liðin tíð, að enginn munur sé sagður vera á flokkunum tveim. Repúblíkanar gældu fyrir skömmu opinskátt við að kalla greiðsluþrot yfir alríkisstjórnina til að koma höggi á demókratann í Hvíta húsinu. Annað er eftir þessu. Harðdræg peningaöfl, m.a. bankar og önnur fjármálafyrirtæki með farangursgeymslur sínar fullar af lögbrotum, hafa stjórnámálástéttina á fóðrum.

Vandinn ágerðist eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði, að engar hömlur megi leggja á fjárframlög til stjórnámálanna og flokka. Af þessu leiðir, að meðalþingmaður þarf að verja þrem heilum vinnudögum í viku í fjáröflun. Löggjöfin hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag. Ástandið á stjórnámálavettvangi smitar út frá sér, m.a. inn í fjölmiðlana, sem eru sumir harðskeyttari og hlutdrægari en áður. Þriðjungur Bandaríkjamanna sækir fréttir til sjónvarpsstöðvar (Fox News), sem aðrir kalla rotþró. Þetta var ekki svona.

Sama gildir um suma háskólana, þar sem gamlir samstarfsmenn talast ekki lengur við. Frjálslyndir hagfræðingar, sem skrifa reglulega í blöðin, t.d. Paul Krugman í Princeton og Joseph

[Type here]

Stiglitz í Columbíuháskóla, Nóbelsverðlaunahafar báðir tveir, sæta árásum af hálfu annarra hagfræðinga, sem þykir halla á sína menn. (Krugman kann að bíta frá sér, rétt er það.) Háskólahagfræðingar, sem sjá ekkert athugavert við atferli bankanna, aukinn ójöfnuð og ofurvægi peninga í pólitíkinni, ráðast gegn hinum, sem fjalla opinskátt um lýðræðishallann, misskiptinguna og ábyrgð bankanna og þörfina fyrir, að stjórnendum þeirra – ekki bara steinsteiptum bönkunum, heldur stjórnendum! – sé gert að axla ábyrgð að lögum. Þegar Samkeppniseftirlitið sektaði bankana hér heima um daginn, sagði fyndinn vinur minn á Facebook: Að sekta bankana fyrir lögbrot er eins og að sekta hringveginn fyrir of hraðan akstur.

Þetta var ekki svona á fyrri tíð. Þegar tveir áhrifamestu hagfræðingar Bandaríkjanna um sína daga, Paul Samuelson á MIT og Milton Friedman í Chicago, skiptust á skoðunum í víðlesnum dálkum í *Newsweek*, fóru skoðanaskipti þeirra ævinlega fram í fullri kurteisi. Virðingin var gagnkvæm eins og þeir vitnuðu báðir um í hárrí elli, áður en þeir hurfu af sjónarsviðinu.

Rússland

Að sumu leyti svipaða sögu er að segja af Rússlandi. Þar takast menn nú á um stefnuna í efnahagsmálum og stöðu Rússlands í heiminum. Annars vegar standa þeir, sem stjórna landinu og hafa margir ásamt vinum sínum hagnast vel á einkavæðingu olíulinda og annarra náttúruauðlinda. Aðrir telja, að umskiptin frá miðstjórn til markaðsbúskapar séu enn of skammt á veg komin eftir aldarfjórðung umbóta. Frjálslyndir umbótamenn eiga undir högg að sækja af hálfu hinna. Dmitry Medvedev forsætisráðherra er í frjálslynda hópnum líkt og margir hagfræðingar. Þeir héldu skínandi hvatningarræður á Gaidar Forum nú í ársbyrjun, en sá fundur er haldinn í Moskvu árlega í minningu helzta höfundar efnahagsumbótanna í Rússlandi eftir hrun kommúnismans, Yegors Gaidar. Hann var hagfræðingur og fyrsti forsætisráðherra frjáls Rússlands 1991.

Pútín forseti, sem er lögfræðingur að mennt eins og Medvedev, myndi aldrei láta sjá sig á slíkum fundi, og hann ræður för. Pútín og hans menn líta á Gaidar Forum sem leikvöll – sandkassa! – frjálslyndra umbótamanna, en láta sér boðskap þeirra yfirleitt í léttu rúmi liggja. Frjálslyndir eru tiltölulega fáir og hafa lítið kjörfylgi nema í stærstu borgunum, Moskvu og Sankti Pétursborg. Pútín forseti sækir fylgi sitt út á land, sem nær yfir níu tímabelti. Pútín og hans menn í Kreml ráða yfir sjónvarpinu og dómstólunum, en hvorki netinu né blöðunum. Þetta er ójafn leikur.

Nýleg skoðanakönnun bendir til, að röskur helmingur kjósenda vilji helst, að Pútín verði forseti áfram, einnig eftir næstu kosningar 2018. Það yrði þá fjórða eða fimmta kjörtímabil hans, eftir því hvort við teljum með árin, sem hann hafði stólaskipti við Medvedev og stjórnaði landinu sem forsætisráðherra frekar en forseti til að brjóta ekki stjórnarskrána, sem leyfir forseta að gegna embættinu aðeins tvö samliggjandi kjörtímabil. Það virðist ríkt í Rússum að vilja lúta sterkum foringja á hverju sem gengur. Kannast nokkur við það? Gengi rúblunnar hefur nýlega fallið um helming m.a. vegna helmingslækkunar olíuverðs. Kaupmáttur launa hefur því skroppið saman um helming talið í Bandaríkjadöllum. Rússar finna fyrir því.

Frjálslyndir kenna Pútín forseta um ófarirnar. Þeir segja sumir, að hann hafi innlimað Krímiskagann til að dreifa athyglinni frá fyrirséðum efnahagsvanda innan lands og að harkaleg viðbrögð ESB og Bandaríkjamanna við innlimuninni eigi talsverðan þátt í gengisfalli rúblunnar. Sem sagt: Stálin stinn. Margir háskólahagfræðingar tala opinskátt um ástandið í einkasamtölum eins og þeir hafi ekkert að óttast. Þeir fara þó varlega. Einn þekktasti hagfræðingur landsins, Sergei Guriev, þá rektor helzta hagfræðiháskólans (New Economic School) í Moskvu, flúði til Frakklands 2013, þar eð hann óttaðist um öryggi sitt. Hann var með lögregluna á hælunum vegna gruns um, að hann væri handgenginn stjórnarandstöðunni. Löggan heimtaði að fá að sjá

[Type here]

öll einkaskjöl hans fimm ár aftur í tímann. Samt hefur úlfúðin í stjórnmalunum ekki náð að splundra hagfræðideildum háskólanna. Þess sáust a.m.k. engin merki á Gaidar Forum.

Frá Evrópu til Íslands

Bandaríkin og Rússland eru að þessu leyti frábrugðin Evrópu, þar sem samskipti andstæðinga í stjórnmalum eru yfirleitt faguð og friðsamleg. Nýlegt dæmi um evrópska fágun í andstöðumerkingu við óhefluð og harkaleg viðskipti í bandarískum og rússneskum stjórnmalum er ákvörðun borgaraflokkanna í Svíþjóð um að veita nýmyndaðri minnihlutastjórn jafnaðarmanna og græningja starfsfrið frekar en að steypa landinu í nýjar þingkosningar vegna aðgangshörku nýs flokks Svíþjóðardemókrata. Minnihlutastjórnir eru reglan á Norðurlöndum. Það fyrirkomulag vitnar um þroskað stjórnmalalíf og vilja þingmeirihlutans hverju sinni til að veita andstæðingum starfsfrið frekar en að hleypa öllu í bál og brand. Af vettvangi stjórnmalanna berst ekkert smit inn í fjölmiðla, réttarsali eða háskóla, hvorki í Svíþjóð né annars staðar í Evrópu.

Alþingi er önnur saga. Þar virðast margir nú sækja fyrirmyndir sínar til Bandaríkjanna og jafnvel Rússlands frekar en til Evrópu. Atgangurinn á Alþingi gegn nýrri stjórnarskrá, sem tveir þriðju hlutar kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012, vitnar um vandann. Smitið barst inn í háskólana, þar sem nokkrir prófessorar sýndu lýðræðinu lítilsvirðingu með því að tala um það eins og sjálfsagðan hlut að hafa að engu úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar um nýja stjórnarskrá. Annað dæmi er auðlindastjórn í þágu forréttindahópa með rússneskum formerkjum gegn skýrum vilja þeirra 83% kjósenda, sem í þjóðaratkvæðagreiðslunni lýstu fylgi við nýtt stjórnarskrárákvæði um auðlindir í þjóðareigu. Ekkert þessu líkt gæti gerzt í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og varla heldur sunnar í Evrópu nema kannski í Ungverjalandi, sem ásamt Íslandi er eina land álfunnar, sem Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa áttalið vegna mannréttindabrota. Slíkt gæti þó hæglega gerzt í Bandaríkjunum og Rússlandi eins og nú háttar þar.

Ekkert af þessu liggur í hlutarins eðli. Bandaríkin þurfa ekki að loga í illdeilum, enda var samkomulagið betra á Bandaríkjaþingi áður fyrr og landið naut þá meira álits á alþjóðavettvangi. Það er ekkert lögmál heldur, að Rússland þurfi með reglulegu millibili að standa frammi fyrir miklum þrengingum og meðfylgjandi óvissu og úlfúð. Rússum er í lófa lagið að kjósa sér forustu, sem stillir til friðar inn á við og út á við, þótt á brattann sé að sækja eins og allt er í pottinn búið. Íslendingum er einnig í lófa lagið að sækja sér fyrirmyndir til Evrópu frekar en til Bandaríkjanna og Rússlands eins og þar er nú umhorfs. Þetta er hægt, en það er ekki auðvelt vegna þess forskots, sem ráðandi klíkur hafa skammtað sjálfum sér t.d. með því að setja nýja stjórnarskrá í salt, stjórnarskrá, sem myndi leiða til lykta ýmis helztu ágreiningsefni stjórnmalanna eins og t.d. fiskveiðistjórnarmálið og ESB-málið með því að vísa þeim í þjóðaratkvæði eftir þeirri grundvallarreglu, sem nýja stjórnarskráin kveður á um, að þjóðin er yfirboðari þingsins, ekki öfugt.

Ágreiningur þarf ekki að kosta illindi. Stjórnlagaráð fjallaði í friði og ró um rammþólitísk efni – auðlindastjórn, umhverfismál o.m.fl. – og samþykkti frumvarp að nýrri stjórnarskrá einum rómi, með 25 atkvæðum gegn engu, frumvarp, sem tveir þriðju hlutar kjósenda samþykktu árið eftir í þjóðaratkvæðagreiðslu. Starfsandinn í stjórnlagaráði og árangurinn, sem náðist þar, var eins ólíkur starfsháttum Alþingi og hugsazt getur, þótt verkefni séu náskyld. Þetta er hægt. Af þessu gætu alþingsmenn lært.